



Björgun ehf.
b.t. Gunnlaugs Kristjánssonar
forstjóra
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2009
Tilvísun: 2009010047
Bréfalykill: 22.12
Verknúmer: 3340300

Efni: Framlenging á leyfi Björgunar ehf. til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki.

Orkustofnun hefur borist með bréfi, dags. 27. apríl 2009, erindi frá Lex lögmannsstofu, f.h. Björgunar ehf., þar sem óskað er framlengingar á leyfi, dags. 12. febrúar 2009, til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki.

Með bréfi, dags. 28. apríl 2009, sendi Orkustofnun erindi Björgunar ehf. til umsagnar Umhverfisstofnunar, sem lögbundins umsagnaraðila. Orkustofnun barst umsögn Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 29. apríl 2009.

Drög að framlengingu á leyfi Björgunar ehf. til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki voru send Björgun ehf. til athugasemda með bréfi dags. 30. apríl 2009. Athugasemdir bárust frá Björgun ehf. með tölvupósti þann 30. apríl 2009. Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreinds erindis Björgunar ehf. sem og athugasemdir Björgunar ehf. og umsögn Umhverfisstofnunar.

Með vísan til framangreinds framlengir Orkustofnun hér með leyfi, dags. 12. febrúar 2009, til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði, við Lundey og á Viðeyjarflaki til 1. júlí 2009.

Virðingarfyllst


f.h. orkumálastjóra
Lárus Ólafsson
lögfræðingur

Afrit sent til:
Iðnaðarráðuneytis
Skipulagsstofnunar